

Verklag vegna vinnuslysa hjá Akureyrarbæ

Fyrsta koma á slysadeild

- Akureyrarbær greiðir alltaf fyrir fyrstu komu á slysadeild.
- Starfsmaður greiðir sjálfur kostnað vegna fyrstu komu og fær hann endurgreiddann.
- Til að fá endurgreiddann kostnað sækir starfsmaður um í gegnum rafræna reikningagátt Akureyrarbæjar, sjá hér <https://www.akureyri.is/starfsmannahandbok/kjaramal/endurgreiddur-kostnadur-til-starfsmanna>

Starfsmaður

- Starfsmaður greiðir allan kostnað eftir fyrstu komu á slysadeild.
- Geyma þarf kvittanir fyrir útlögðum kostnaði vegna slyssins.
- Ef slysið er samþykkt sem vinnuslys þarf starfsmaður að senda frumrit kvittana til SÍ vegna endurgreiðslu.

Vottorð

- **Áverkavottorð**
 - Starfsmaður biður um áverkavottorð frá þeim lækni eða heilbrigðisstofnun/sjúkrahúsi sem hann leitaði fyrst til og frá meðhöndlandi lækni ef við á sem hann skilar til SÍ. Venjulega eru vottorðin send beint á SÍ frá stofnunni sem gefur það út.
 - Áverkavottorð er forsenda þess að SÍ taki málið til afgreiðslu.
- **Veikindavottorð**
 - Ef starfsmaður er frá vinnu vegna slyssins þarf hann að skila inn veikindavottorði í samráði við yfirmann en þó alltaf ef veikindafjarvistir eru 5 dagar eða fleiri.

Skráning atvika í ATVIK

- Öll næstum slys, minniháttar slys, fjarveruslys og ábendingar um hættu eða frávik skal skrá í ATVIK eins fljótt og hægt er eftir atvik.
- Starfsmaður getur skráð atvik sjálfur eða í samstafi við stjórnanda, notar til þess Qr-kóða og skráir sig inn með rafrænum skilríkjum. Qr-kóðann er að finna á öllum vinnustöðum og stjórnandi skal tryggja upplýsingar til starfsmanna þar að lútandi.
- Stjórnandi yfirfer og staðfestir skráningu atviks í ATVIK.

Fjarveruslys

- Ef um er að ræða fjarveruslys þá ber stjórnanda að tilkynna það til Vinnueftirlitsins í gegnum ATVIK.
- Ef um alvarlegt slys er að ræða skal stjórnandi senda tilkynningu á VÍS í gegnum ATVIK.

Gögn – stjórnendur

Sjúkratryggingar Íslands (SÍ)

- Stjórnandi sendir tölvupóst á vinnuslys@akureyri.is með nafni og kennitölu þess slasaða, mannauðsdeild stofnar mál í ONE.
- Stjórnandi fær tilkynningu í tölvupósti þegar mál hefur verið stofnað og fyllir þar rafrænt út eyðublaðið, *Tilkynning um slys* til SÍ.
- Stjórnandi upplýsir mannauðsdeild þegar eyðublaðið er klárt til yfirlstrar. Mannauðsdeild staðfestir þegar eyðublaðið er fullnægjandi og má fara í rafræna undirritun.
- Stjórnandi undirritar eyðublaðið rafrænt og sendir á hinn slasaða til undirritunar.
- Þegar báðir aðilar hafa undirritað þá upplýsir stjórnandi mannauðsdeild um að gögnin séu tilbúin með tölvupósti á netfangið vinnuslys@akureyri.is



- Mannauðsdeild sér um að tilkynna til SÍ.

Aðgangsstýring í One Systems:

- Lesaðgangur: Launadeild, mannauðsdeild.
- Ábyrgðaraðili: Stjórnandi stofnunar.
- Tengdir starfsmenn: Sviðsstjóri mannauðssviðs, bæjarlögmaður og mannauðsráðgjafar.

Úrskurður máls:

- SÍ yfirfara tilkynningar og úrskurða um hvort slysið sé vinnuslys eða ekki skv. 32. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar. Öll slys skal að jafnaði tilkynna innan eins árs, en heimilt er að veita undanþágu frá þeirri reglu, að ákveðnum forsendum uppfylltum. Leita má aðstoðar lögreglu ef atvinnurekandi vanrækir að samþykkja tilkynningu.
- Úrskurður berst rafrænt á gagnagátt SÍ.
- Mannauðsdeild færir úrskurðinn undir viðkomandi mál í ONE.
- Ef SÍ samþykkja ekki slys sem vinnuslys og starfsmaður er ósáttur skal benda honum á að hafa samband við sitt stéttarfélag.
- Ef SÍ dæma slysið sem vinnuslys fær starfsmaður útlagðann kostnað vegna slyssins endurgreiddann frá SÍ.
- Starfsmaður fyllir út eyðublað *Endurgreiðsla sjúkrakostnaðar vegna slysatrygginga* á www.sjukra.is og skilar frumritum af reikningum með útfylltu eyðublaði til SÍ.
- Starfsmaður skilar undirritaðri beiðni um *Endurgreiðslu vegna sjúkrakostnaðar* til SÍ rafrænt á www.sjukra.is eða til umboða sýslumanns utan höfuðborgarsvæðisins.
- Einnig þarf að skila reikningum vegna sjúkrakostnaðar.
- ef greiðslumáti kemur ekki fram á reikningi þarf einnig staðfestingu á greiðslu í formi greiðslukvittana. Ekki þarf frumrit reikninga, heimilt er að senda gögn rafrænt.
- SÍ endurgreiða ekki útlagðann kostnað vegna læknisvottorða atvinnurekanda eða leigu á hjálpartækjum. Starfsmaður fær þetta endurgreitt frá vinnuveitanda.
- Reikningar vegna sjúkraþjálfunar eru sendir beint til SÍ og þess vegna þarf að senda öll gögn vegna afgreiðslu máls strax þangað.

Skilyrði fyrir að SÍ taki mál til afgreiðslu:

- Tilkynningu um vinnuslys hafi verið skilað inn til VER.
- Áverkavottorð hafi borist SÍ.
- Tilkynning um slys hafi borist.

Tjón sem verður vegna bílslyss eða slyss á öðrum vélknúnum ökutækjum telst ekki bótaskyld hjá SÍ ef tjónið er bótaskyld hjá vátryggingafélagi samkvæmt lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækis eða lögboðinni slysatryggingu ökumanns og eiganda.

Beiðni frá VÍS

- Þegar um alvarlegt slys er að ræða óskar VÍS einnig eftir að fá senda tilkynningu strax, annars kallar félagið eftir henni ef þörf er á. Í þeim tilvikum er óskað eftir að þær tilkynningar séu sendar á vinnuslys@akureyri.is þar sem þær eru áframsendar á VÍS.
- Tilkynninguna má finna á www.vis.is
- Stjórnandi sér um að fylla út tilkynninguna.